

Orka Card Visa® Debit – ákvæði og skilmálar

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR: Lestu þennan samning vel áður en þú virkjar reikninginn þinn. Samningur þessi öðlast gildi og telst bindandi gagnvart þér frá því að þú virkjar kortið þitt eða notar það og út allan gildistíma þess.

1. Skilgreiningar og túlkun:

Reikningur	Rafrænn fjárreikningur sem tengdur er við kortið.
Samningur	Samningur þessi og skilmálar hans í tengslum við notkun korts eða korta þinna með breytingum hverju sinni.
App	Farsímaforritið „Orka Card“ frá Skatra sem veitir þér aðgang að reikningnum þínum og gerir þér kleift að framkvæma tiltekna aðgerðir í tengslum við hann, svo sem að virkja reikninginn, skoða færslur, læsa og opna og senda fyrirspurnir til þjónustudeildar í tengslum við notkun kortsins.
Löggjöf	Öll viðeigandi lög (þar með talið en ekki takmarkað við öll staðbundin lög innan þeirrar lögsögu þar sem kortið er veitt og kerfið er notað), reglugerðir, lagalegir gjörningar, reglur, samþykktir, úrskurðir, ákvæði, fyrirmæli eða kröfur sem settar eru fram af hálfu viðeigandi eftirlitsyfirvalda, eða túlkun sem lýst er yfir eða gefin er út af hálfu einhverra eftirlitsyfirvalda, allir úrskurðir af hálfu dómstóla sem hafa dómsvald yfir aðila, eða allar viðeigandi reglur eða kröfur einhvers kortakerfis sem tengist útgáfu, sölu, leyfisveitingu eða notkun kortsins og/eða þjónustu sem veita ber samkvæmt samningi þessum eða öðrum slíkum úrskurði sem TPML telur gildan hverju sinni.
Innstæða til ráðstöfunar	Fjárupphæð sem hefur verið lögð inn á reikninginn þinn og er laus til ráðstöfunar.
Virkur dagar	Mánudagur til föstudags, frá klukkan 9 til 17 að miðevrópskum tíma (CET), að undanskildum opinberum frídögum í Gíbraltar og á Möltu.
Kort	Sérhvert kort sem gefið er út til þín samkvæmt samningi þessum.
Þjónustudeild	Samskiptamiðstöð sem tekur við fyrirspurnum varðandi kortið þitt og reikninginn. Hafa má samband við þjónustudeild með því að senda tölvupóst á netfangið

hallo@orkacard.com og í gegnum þær samskiptaleiðir sem lýst er á vefsvæðinu.

EES	Evrópska efnahagssvæðið.
Gildistími	Fast kort: Gildistíminn sem sést á kortinu. Sýndarkort: Gildistíminn sem fram kom í tölvupósti sem sendur var til þín þegar þú sóttir um sýndarkort.
Gjald	Öll gjöld sem þér ber að greiða samkvæmt gjaldskrá.
Gjaldskrá og hámark	Gjaldskrá í þessum samningi.
KYC	Stendur fyrir „Know Your Customer“ (<i>þekktu viðskiptavin þinn</i>) og felst í sannvottun okkar á persónuupplýsingum þínum.
Söluaðili	Verslun eða annar aðili sem tekur við rafeyri.
Skatra	Skatra Aps í Danmörku með skráningarnúmerið 40597166 og skráð aðsetur að Havnegade 31, 1058, Kaupmannahöfn, Danmörku.
Persónuupplýsingar	Persónuupplýsingar sem skráðar eru í tengslum við notkun þína á kortinu og appinu, þar með talið (en ekki takmarkað við): nafn þitt, fæðingardag, heimilisfang, netfang og símanúmer (fastlínu- eða farsímanúmer). Frekari upplýsingar um þær persónuupplýsingar sem við vinnum með koma fram í persónuverndarstefnu okkar.
Fast kort	Kort úr plasti sem nota má til að greiða með.
PIN-númer	Personal Identification Number, (persónuleg auðkennistala) þ.e. öryggistala sem þér er úthlutað til að nota með kortinu.
Verkefnastjóri	Enfuce Financial Services Limited, skráð í Finnlandi með fyrirtækjanúmerið 2752066-3 og skrifstofu skráða að Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi; eða Skatra fyrir þess hönd.
Eftirlitsyfirvald	Eftir því sem við á, sérhvert kerfi og/eða eftirlitsaðili eða -stofnun sem hefur lögsögu yfir útgefanda eða verkefnastjóra sem tengist útgáfu, markaðssetningu, sölu, leyfisveitingu eða notkun kortanna, kerfisins eða þjónustu sem veitt er samkvæmt þessum samningi, þar með talið, án takmarkana, fjármáleftirlit Möltu.
Kerfi	Visa. Visa er skrásett vörumerki Visa International.

Færsla	Notkun kortsins til að greiða fyrir eða kaupa vörur eða þjónustu frá söluaðila þar sem greiðslan er innt af hendi (að hluta til eða í heild) með notkun kortsins, þ.m.t. þegar greiðsla fer fram í gegnum netið, síma eða pósthjónustu.
Notandanafn og aðgangsorð	Persónulegir kóðar sem þú velur til að geta notað appið.
Sýndarkort	Röð staðfestingarferla sem notaðir eru í stað fasts korts og veita sömu virkni og fast kort að hluta til eða í heild. Þar sem vísað er til fasts korts í þessum samningi er ekki átt við sýndarkort.
Vefsvæði	www.orkacard.com
Við, okkur eða okkar	Transact Payments Malta Limited („TPML“), fyrirtæki sem skráð er á Möltu með heimilisfangið Vault 14, Level 2, Valletta Waterfront, Floriana, FRN 1914, skráningarnúmer fyrirtækis 91879 og sem starfar samkvæmt leyfi og maltneska fjármálaeftirlitsins.
Þú, þig, þér, þín, þinn eða þitt	Þú, sá einstaklingur sem gengist hefur undir samning þennan við okkur með notkun kortsins og/eða reikningsins og sérhver annar aðili sem þú hefur veitt leyfi til að nota kort samkvæmt þessum samningi.

2. Samningurinn, kortið og reikningurinn

- 2.1. Við gefum kortið út samkvæmt leyfi frá kerfinu og í samningi þessum er kveðið á um réttindi þín og skyldur í tengslum við notkun þess.
- 2.2. Þú getur hvenær sem er hlaðið niður eða prentað út nýjustu útgáfu þessa samnings á vefsvæðinu og/eða óskað eftir pappírseintaki frá þjónustudeildinni.
- 2.3. Kortið er rafeyrisafurð. Það er ekki kredit-, hleðslu- eða debetkort sem tengist bankareikningi þínum með neinum hætti.
- 2.4. Þér er ekki heimilt að endurselja kortið.

3. Afhending og virkjun kortsins

- 3.1. Til þess að geta sótt um og notað kortið þarftu að hafa náð 18 ára aldri og vera búsett/ur á Íslandi, í Danmörku eða Tékklandi.
- 3.2. Hægt er að sækja um kort í gegnum appið og vera kann að við óskum eftir frekari upplýsingum eða gögnum frá þér til að staðfesta kenni þitt og heimilisfang og/eða þú þarft að ljúka við rafræna auðkennisstaðfestingu.
- 3.3. Þú munt aðeins hafa einn reikning sem inniheldur innstæðu til ráðstöfunar, óháð því hvornig kort þú átt eða hversu mörg. Verðum við þess áskynja að þú sért með fleiri en einn reikning kunnum við að loka á kortið þitt og rifta þessum samningi.

- 3.4. Þegar þú færð kortið í hendur verður þú að virkja það. Hægt er að virkja bæði föst kort og sýndarkort með virkjunarhnappnum í appinu.
- 3.5. Að því gefnu að við höfum getað lokið við KYC-ferli færðu virkjunarstaðfestingu í appinu og getur notað kortið.

4. Persónuupplýsingar

- 4.1. Á sumum vefsvæðum er þess krafist að þú færir inn persónuupplýsingar þegar þú sendir færslur yfir netið. Í slíkum tilvikum skaltu gefa upp nýjustu persónuupplýsingarnar sem þú hefur látið verkefnastjóra í té.
- 4.2. Þér ber að tilkynna verkefnastjóra um allar breytingar á persónuupplýsingum svo fljótt sem auðið er með því að hafa samband við þjónustudeildina eða uppfæra upplýsingarnar í appinu. Þú berð ábyrgð á öllu tapi sem hlýst beint af því að okkur hafi ekki verið tilkynnt um breytingar á persónuupplýsingum þínum vegna ástæðulausra tafa, vanrækslu eða sviksamlegs hátternis af þinni hálfu. Við munum þurfa að sannvotta nýju persónuupplýsingarnar og kunnum að óska eftir viðeigandi upplýsingum/gögnum vegna KYC eftir því sem við á.
- 4.3. Við, eða verkefnastjóri, áskiljum okkur rétt til þess að ganga úr skugga um réttleika persónuupplýsinga þinna (til dæmis með því að óska eftir upprunalegum skjölum), þ.m.t. í því skyni að koma í veg fyrir sviksamlegt hátterni og/eða peningaþvætti. Í tengslum við reikninginn þinn heimilar þú okkur og verkefnastjóra jafnframt að framkvæma rafræna auðkennisathugun, annaðhvort beint gagnvart þér eða í gegnum viðeigandi þriðja aðila þegar þú sækir um eða á einhverjum tímamarki síðar.

5. Fé lagt inn á kortið

- 5.1. Þú getur lagt fé inn á reikninginn þinn með debetkorti, kreditkorti eða millifærslu í banka. TPML ber ekki ábyrgð á fé sem ekki hefur verið lagt inn á kortið og veitir ekki þá þjónustu að leggja fé inn á kortið. Upplýsingar um innlögn fjár má finna í þeim skilmálum og skilyrðum sem þú og sá lögaðili sem veitir þá þjónustu að leggja inn fé hafið gengist undir.
- 5.2. Við og verkefnastjóri áskiljum okkur rétt til að óska hvenær sem er eftir gögnum í tengslum við KYC auk staðfestingar á uppruna fjárins.

6. Notkun kortsins

- 6.1. Notkun kortsins er háð gjaldi samkvæmt gjaldskrá sem dregið er af innstæðu.
- 6.2. Höfum við ekki tilkynnt þér um annað getur þú notað kortið hjá hverjum þeim söluaðila sem tekur við færslum frá kerfinu.
- 6.3. Þú verður alltaf að tryggja að þú hafir næga innstæðu til ráðstöfunar fyrir hverri færslu sem þú heimilar (að meðtöldum virðisaukaskatti og öðrum sköttum og gjöldum sem við eiga). Sé innstæða til ráðstöfunar ekki næg til að greiða fyrir færslu kann að vera að sumir söluaðilar heimili ekki notkun kortsins ásamt öðrum greiðsluleiðum.
- 6.4. Gangi færsla af einhverjum ástæðum í gegn án þess að innstæða til ráðstöfunar sé næg verður þú að greiða okkur mismuninn tafarlaust. Sé það ekki gert eftir að þér berst tilkynning frá okkur áskiljum við okkur rétt til að grípa til nauðsynlegra ráða, þ.m.t. lagalegra úrræða, til að endurheimta mismuninn.

- 6.5. Við ákveðnar kringumstæður kann söluaðili að krefjast þess að innstæða til ráðstöfunar sé hærrí en sem nemur færslunni sem þú vilt framkvæma og þú munt aðeins greiða raunverulega og endanlega upphæð færslunnar. Söluaðilar kunna að fara fram á þetta þar sem þeir gætu þurft aðgang að hærrí upphæð en þú ætlar þér að nota, til dæmis þegar verið er að bóka gistingu eða bílaleigubíl. Hafi söluaðili fengið heimild á kortinu munt þú ekki hafa aðgang að viðkomandi upphæð þar til færslan hefur verið framkvæmd eða í allt að 30 daga, hvort sem á undan kemur. Við munum aðeins loka fyrir aðgang að nákvæmlega þeirri upphæð sem heimildin á við um.
- 6.6. Sé söluaðila ekki kleift að fá staðfestingu á því yfir netið að næg innstæða til ráðstöfunar sé fyrir færslu (til dæmis þegar færsla fer fram um borð í lest, skipi, flugvél eða í tollskýli) er ekki hægt að nota kortið. Við afsölum okkur allri ábyrgð á því að söluaðili hafni því að taka við greiðslu með kortinu.
- 6.7. Við mælum ekki með því að notað sé sýndarkort til að kaupa vöru yfir netið ef þörf er á því að framvísa fastri tilvísun til að fá vöruna afhenta. Dæmi um slíkt eru kaup á leikhúsmiðum eða hóteldvöl, leiga á bílaleigubílum og kaup á vörum sem kaupandi sækir í eigin persónu.
- 6.8. Ekki má nota kortið:
- fyrir færslur vegna fjárhættuspila;
 - fyrir stefnumóta- og fylgdarþjónustu; eða
 - í nokkrum ólöglegum tilgangi.

7. Færslur heimilaðar

- 7.1. Þú þarft að veita samþykki þitt fyrir hverri færslu þegar það á við með því að a) nota PIN-númerið þitt eða annan öryggiskóða; b) skrifa undir sölukvittun; c) gefa upp kortaupplýsingar og/eða aðrar upplýsingar um þig og/eða kortið. Þegar þú hefur veitt slíkt samþykki fyrir færslu telst hún heimiluð.
- 7.2. Viðtökutími færslu er þegar hún berst til samstarfsaðila okkar sem sér um vinnslu. Berist fyrirmæli um færslu eftir klukkan 16 á virkum degi telst hún hafa borist næsta virka dag.
- 7.3. Ákveðnir söluaðilar kunna að hafna greiðslum með kortinu og við afsölum okkur allri ábyrgð vegna þess. Það er á þína ábyrgð að kanna takmarkanir hjá hverjum söluaðila fyrir sig.
- 7.4. Stöku sinnum kunna að verða raskanir á notkun þinni á kortinu, til dæmis ef verkefnastjóri eða einhver utanaðkomandi þjónustuveitandi þarf að sinna viðhaldi á kerfi sínu eða vefsvæði. Komi upp vandamál við notkun kortsins eða reikningsins skaltu hafa samband við þjónustudeildina sem mun leitast við að leysa málið sem fyrst.

8. Umsjón og vernd reikningsins og kortsins

- 8.1. Til þess að geta notað kortið til að greiða söluaðila þarftu persónulega auðkennistölu eða PIN-númer. Hægt er að nálgast PIN-númerið í kortahlutanum í appinu.
- 8.2. Ef þú gleymir PIN-númerinu geturðu sótt það í appið með því að nota aðgangskóða og/eða lífkennisauðkenningu símans. Hafðu samband við þjónustudeildina ef þú þarft frekari aðstoð í tengslum við PIN-númer.
- 8.3. Þér er ekki heimilt að afhenda öðrum einstaklingi kortið þitt eða leyfa öðrum einstaklingi að nota það.

- 8.4. Þú berð ábyrgð á reikningnum þínum, kortinu, PIN-númerinu, appinu og öllum öðrum öryggisupplýsingum („öryggisupplýsingar“) og verður að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi þeirra og leynd. Slíkar ráðstafanir eru meðal annars (en takmarkast ekki við):
- i. að láta aldrei annan einstakling nota öryggisupplýsingar þínar;
 - ii. að skrifa aldrei öryggisupplýsingar þínar á kortið eða neitt það sem þú alla jafna geymir með kortinu;
 - iii. að leyna ávallt öryggisupplýsingum þínum, til dæmis með því að nota ekki PIN-númerið þitt ef einhver sér til.
- 8.5. Vanefndir á þessu ákvæði 8 kunna að hafa áhrif á rétt þinn til bóta ef við getum sýnt fram á að þú hafir af ráðnum hug látið undir höfuð leggjast að gæta öryggis upplýsinganna eða ef þú hefur sýnt af þér sviksamlegt hátterni, ástæðulausar tafir eða vanrækslu. Við allar aðrar kringumstæður er hámarksábyrgð þín eins og fram kemur í ákvæði 12 hér að neðan.
- 8.6. Ef þú telur að einhver annar þekki til öryggisupplýsinga þinna ber þér að tilkynna okkur um það tafarlaust með því að hafa samband við þjónustudeildina.
- 8.7. Ef okkur grunar eða við teljum að öryggi kortsins sé ógnað eða það kunni að hafa orðið fyrir sviksamlegu hátterni mun verkefnastjóri tilkynna þér um það með öruggum hætti.
- 8.8. Þegar kortið er útrunnið eða ef það finnst eftir að hafa verið tilkynnt sem týnt eða stolið ber þér að eyðileggja það með því að klippa það í tvennt, þvert yfir segulröndina.

9 Uppsögn

- 9.1. Þú getur sagt kortinu upp hvenær sem er með því að hafa samband við þjónustudeildina og nýta þér innlausnarréttindi þín samkvæmt ákvæði 10.
- 9.2. Þegar okkur hafa borist allar nauðsynlegar upplýsingar frá þér (þ. á m. KYC) og allar færslur ásamt þeim gjöldum sem við eiga og hafa verið unnar og dregnar frá endurgreiðum við þér þá innstæðu sem þú átt til ráðstöfunar, að því gefnu að:
- i. þú hafir ekki sýnt af þér sviksamlegt hátterni eða vanrækslu eða gefið tilefni til rökstudds gruns um sviksemi eða vanrækslu; og
 - ii. okkur sé ekki skylt að halda eftir innstæðu þinni samkvæmt lögum eða reglum eða að beiðni lögreglu, dómstóla eða annarra eftirlitsyfirvalda.
- 9.3. Þegar kortinu þínu og reikningnum hefur verið sagt upp er það á þína ábyrgð að eyðileggja föst kort þín.
- 9.4. Ef í ljós kemur að fleiri færslur hafi verið gerðar eða ef stofnað hefur verið til gjalda með notkun kortsins/kortanna eftir að innstæðan hefur verið endurgreidd, eða ef okkur berst niðurfærsla á fyrri fjármögnunarfærslu upplýsum við þig um upphæðina og ber þér að endurgreiða okkur hana tafarlaust.

10 Gildistími og innlausn

- 10.1. Þegar gildistími kortsins er liðinn er ekki hægt að nota það. Samningur þessi fellur úr gildi þegar gildistíminn er liðinn nema gefið hafi verið út nýtt kort til þín.
- 10.2. Þú getur innleyst innstæðu þína hvenær sem er á meðan reikningurinn er opinn með því að hafa samband við þjónustudeildina. Þegar reikningnum hefur verið lokað, og í samræmi við allar lagalegar skyldur sem við þurfum að hlíta, getur þú innleyst innstæðuna hvenær sem er innan sex ára frá riftunardagsetningu þessa samnings. Við úrvinnslu innlausnarbeiðnar þinnar kunnum við að óska eftir upplýsingum og/eða gögnum frá þér í tengslum við KYC til þess að geta sannreynt persónuupplýsingar þínar eins og lög gera ráð fyrir. Óskir þú eftir innlausn innstæðu þinnar áður en samningur þessi fellur úr gildi, eða tólf mánuðum eftir það, kunnum við að innheimta innlausnargjald. Slíkt gjald fyrir innlausn eða lokun reiknings kemur fram í skrá yfir gjöld og hámark.
- 10.3. Við höfum óskoraðan rétt til þess að skuldajafna, millifæra eða leggja á uppæðir á reikningi þínum eða kortum til móts við allar kröfur eða gjöld sem okkur ber sem ekki hafa verið greidd eða gerð upp á réttum tíma.

11 Riftun eða lokun kortsins og reikningsins

- 11.1. Við riftun þessa samnings er reikningnum lokað. Við, eða verkefnastjóri fyrir okkar hönd, getum rift samningi þessum hvenær sem er með því að veita þér tveggja mánaða fyrirvara um uppsögn (sem sendur verður til þín á það netfang sem þú hefur látið okkur í té);
- 11.2. Við, eða verkefnastjóri fyrir okkar hönd, getum lokað kortinu/reikningnum, takmarkað virkni þess eða rift þessum samningi þannig að riftun taki tafarlaust gildi ef:
 - i. þú hefur ekki veitt okkur þær upplýsingar sem við þurfum eða við teljum einhverjar þær upplýsingar sem þú hefur veitt okkur hafa verið rangar; eða
 - ii. færslu hefur verið hafnað vegna þess að innstæða til ráðstöfunar er ekki næg eða þú endurgreiðir okkur ekki fé sem þú skuldar okkur; eða
 - iii. þú lætur okkur ekki í té þær persónuupplýsingar sem við þurfum til að uppfylla lagalegar skyldur okkar og standa við samning þennan; eða
 - iv. við höfum rökstuddan grun um að öryggi kortsins hafi verið teft í hættu eða að þú eða einhver þriðji aðili hafi notað eða hyggist nota kortið með gáleysislegum hætti eða í sviksamlegum eða annars ólöglegum tilgangi;
 - v. við teljum að notkun þín á kortinu geti valdið okkur eða kerfum okkar skaða; eða
 - vi. við teljum að áframhaldandi notkun þín á kortinu geti skaðað orðspor okkar; eða
 - vii. þú verður gjaldþrota; eða
 - viii. okkur er skylt að gera það samkvæmt gildandi lögum eða þegar við teljum að áframhaldandi rekstur kerfisins kunni að ganga gegn gildandi lögum; eða
 - ix. þú notar reikninginn þinn ekki í þrjú ár; eða
 - x. við getum ekki unnið úr sumum eða öllum færslum þínum vegna athafna þriðja aðila; eða
 - xi. þú hefur brotið gegn samningi þessum.

11.3. Ef við lokum eða riftum kortinu þínu munum við eða verkefnastjóri tilkynna þér um það fyrir fram eða eins fljótt og auðið er á eftir, þar sem það er leyft með lögum. Hafi lokun átt sér stað kunnum við að láta aðra sem tengjast færslunni vita.

12 Glatað eða stolið kort

12.1. Þú berð ábyrgð á að gæta kortsins eins og um reiðfé væri að ræða. Ef það týnist eða því er stolið kanntu að tapa fénu á því að hluta til eða í heild sinni nema þú hafir samband við okkur eins og lýst er í þessu ákvæði.

12.2. Þú verður að hafa samband við okkur tafarlaust með samskiptaleið sem greint er frá á vefsvæðinu eða með tölvupósti á netfangið hallo@orkacard.com ef þú veist til þess eða þig grunar að kortið hafi týnst, því hafi verið stolið, það hafi verið notað í heimildarleysi eða óviðkomandi aðili hafi komist að PIN-númerinu eða öðrum öryggisupplýsingum eða ef þú telur að færsla hafi verið framkvæmd með röngum hætti.

12.3. Þú berð ábyrgð á tapi að hámarki 50 evrum vegna óheimilaðra færslna sem gerðar eru áður en þú tilkynnir okkur um að kortið hafa týnst, því hafi verið stolið eða það notað í heimildarleysi. Leiði skoðun okkar í ljós að þú hafir heimilað færslu sem deilt er um eða þú hafir sýnt af þér sviksamlegt háttarni eða hafir af vanrækslu eða ráðnum hug brotið gegn ákvæðum þessa samnings (til dæmis með því að gæta ekki kortsins eða PIN-númersins) kannt þú að bera ábyrgð á öllu tapi sem við hljótum af notkun kortsins.

12.4. Þegar tilkynnt hefur verið um að kortið hafi týnst, því hafi verið stolið eða það notað í heimildarleysi verður lokað fyrir notkun kortsins til að koma í veg fyrir frekara tap.

12.5. Ný kort verða send á nýjasta heimilisfangið sem þú hefur gefið upp, samkvæmt gjaldi í gjaldskrá.

12.6. Þú samþykkir að vinna með fulltrúum okkar, eftirlitsyfirvöldum, lögreglunni og okkur ef kortið týnist, því er stolið eða okkur grunar að það hafi verið notað með sviksamlegum hætti.

12.7. Ef þú tilkynnir okkur um óheimilaða eða rangt framkvæmda færslu án ástæðulausra tafa, eða eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslunnar, endurgreiðum við þér upphæðina tafarlaust nema við höfum ástæðu til að telja að rekja megi atvikið til brots gegn samningi þessum vegna vanrækslu eða ef við höfum rökstuddan grun um sviksemi.

12.8. Ef upp kemur færsla sem ekki er framkvæmd eða er framkvæmd með röngum hætti munum við grípa til tafalausra ráðstafana til að rekja færsluna og upplýsum þig um niðurstöðuna. Þú þarft ekki að greiða fyrir slíka vinnu. Ef við berum ábyrgð á slíkri færslu endurgreiðum við þér fjárhæðina að viðbættri fjárhæð allra gjalda sem á þig kunna að leggjast tafarlaust.

12.9. Berist færsla, sem framkvæmd var innan EES, seinna en hún ætti að gera samkvæmt ákvæðum þessa samnings getur þú óskað eftir því að við höfum samband við viðtökugreiðslustofnunina til að óska eftir því að farið verði með færsluna eins og hún hafi borist á réttum tíma.

12.10. Sé framkvæmd færsla sem móttakandi greiðslu stofnar til endurgreiðum við þá fjárhæð samkvæmt grein 12.11 eingöngu í þeim tilvikum þegar þú getur sýnt fram á að:

12.10.1 nákvæm fjárhæð færslunnar hafi ekki verið tilgreind þegar þú heimilaðir greiðsluna; og

12.10.2 fjárhæð færslunnar sé hærri en þú hefðir með skynsamlegum hætti mátt gera ráð fyrir, að teknu tilliti til fyrra útgjaldamynsturs, ákvæða þessa samnings og viðeigandi kringumstæðna í málinu.

12.11. Endurgreiðslan sem vísað er til í 12.10 mun ekki eiga sér stað ef:

12.11.1 fjárhæðin tengist sveiflum í gengi gjaldmiðla; eða

12.11.2 þú hefur veitt okkur beint samþykki til að framkvæma færsluna; eða

12.11.3 upplýsingar um færsluna voru veittar eða gerðar aðgengilegar þér eins og samið hefur verið um að minnsta kosti fjórum vikum fyrir færsluna; eða

12.11.4 þú óskar eftir endurgreiðslu frá okkur meira en átta vikum eftir dagsetningu skuldfærslunnar.

13 Ágreiningur um greiðslur

13.1. Ef þú véfengir færslu sem þú hefur veitt heimild fyrir og sem hefur farið í gegn á kortinu þínu þarftu að gera það upp við þann aðila sem þú keyptir vörur eða þjónustu af. Við berum ekki ábyrgð á gæðum, öryggi, lögmæti eða öðrum þáttum vara eða þjónustu sem keypt er með kortinu.

13.2. Sé ekki hægt að leysa ágreining þinn við söluaðila í tengslum við færslu skaltu hafa samband við þjónustudeildina og við munum leitast við að aðstoða þig eins og raunhæft er.

13.3. Hafir þú ástæðu til að telja að færsla hafi verið framkvæmd án samþykkis þíns eða fyrir mistök getur þú óskað eftir því við verkefnastjóra að færslan verði skoðuð. Fari skoðun fram verður sú fjárhæð sem véfengd er ótíltæk þar til skoðun hefur verið lokið og ef við fáum upplýsingar um að færslan hafi verið réttmæt verður hún dregin frá innstæðu þinni til ráðstöfunar og við kunnum að innheimta skoðunargjald samkvæmt gjaldskrá. Sé ekki næg innstæða til ráðstöfunar verður þú að endurgreiða okkur fjárhæðina tafarlaust.

14 Gjaldeyrisviðskipti

14.1. Ef þú notar kortið í öðrum gjaldmiðli en þeim sem kortið er gefið upp í („færsla í erlendum gjaldmiðli“) mun fjárhæðin sem dregin verður af innstæðu þinni til ráðstöfunar nema fjárhæð færslunnar í erlendum gjaldmiðli þegar henni hefur verið umbreytt í gjaldmiðil reikningsins samkvæmt taxa kerfisins.

14.2. Einnig kann að vera innheimt gjald fyrir gjaldeyrisviðskipti samkvæmt gjaldskrá. Til þess að þú getir borið saman þóknunir fyrir umreikning gjaldmiðla getur þú skoðað rauntímamun í prósentum á milli fjárhæðarinnar sem verður skuldfærð á kortið þitt fyrir færslu í erlendum gjaldmiðli (sem samanstandur af álagningu kerfisins ásamt öðrum gjöldum) og nýjasta gengi gjaldmiðla gagnvart evru samkvæmt Seðlabanka Evrópu. Þú getur skoðað þessar upplýsingar í appinu áður en þú framkvæmir færslu í erlendum gjaldmiðli. Þessar upplýsingar verða jafnframt sendar til þín með tilkynningu þegar þú hefur framkvæmt færslu í erlendum gjaldmiðli þar sem lög kveða á um það. Þú getur hafnað móttöku slíkra tilkynninga með því að slökkva á viðkomandi tilkynningu í appinu.

15 Ábyrgð okkar

15.1. Við berum ekki ábyrgð á:

- i. neinu tapi sem stafar af nokkrum vanefndum sem rekja má með beinum eða óbeinum hætti til ástæðna sem við ráðum ekki við, þar með talið en ekki takmarkað við, bilun í netkerfi og bilun í gagnavinnslukerfum;
 - ii. neinu tapi á hagnaði, tapi á viðskiptum eða neinu beinu, afleiddu eða sérstöku tapi eða refsibótum;
 - iii. neinni notkun á þessu korti sem brýtur í bága við samning þennan;
 - iv. neinum vörum eða þjónustu sem keypt er með kortinu; og
 - v. neinum skaða vegna taps, svika eða þjófnaðar sem þú tilkynnir okkur um meira en 13 mánuðum eftir að atvikið átti sér stað.
- 15.2. Við berum ekki ábyrgð gagnvart þér ef tengiliðaupplýsingar þínar hafa breyst án þess að þú hafir upplýst okkur um það.
- 15.3. Séu annmarkar á kortinu vegna vanefnda af okkar hálfu takmarkast ábyrgð okkar við að skipta kortinu út.
- 15.4. Hafi fjárhæð verið ranglega dregin af innstæðu þinni vegna mistaka af okkar hálfu skal ábyrgð okkar takmarkast við að greiða þér samsvarandi fjárhæð.
- 15.5. Ekkert í samningi þessum skal útiloka eða takmarka ábyrgð okkar vegna andláts eða meiðsla sem stafa af vanrækslu okkar eða sviksamlegu hátterni.
- 15.6. Að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum eru öll skilyrði eða ábyrgðir, sem kveðið er á um í lögum, reglum eða með öðrum hætti, undanþegnar.
- 15.7. Framangreindar undanþágur og takmarkanir sem lýst er í þessari málsgrein skulu eiga við um alla ábyrgð tengdra félaga okkar, svo sem kerfisins, annarra birgja, verktaka, fulltrúa og allra tengdra félaga þeirra (ef einhver eru) gagnvart þér sem upp kann að koma í tengslum við samning þennan. Í öllum lagalegum skilningi komum við einnig fram hér sem fulltrúar tengdra félaga okkar, svo sem kerfisins, annarra birgja, verktaka, fulltrúa og allra tengdra félaga þeirra (ef einhver eru) gagnvart þér, að takmörkuðu leyti að því er varðar þessa grein.

16 Kvartanir

- 16.1. Viljir þú leggja fram kvörtun um kortið þitt og/eða reikninginn þinn getur þú haft samband við þjónustudeildina í gegnum vefsvæðið eða með tölvupósti á netfangið hallo@orkacard.com þar sem þú leggur fram upplýsingar um slíka kvörtun.
- 16.2. Eftir móttöku kvörtunar með tölvupósti leitumst við við að svara þér eins fljótt og auðið er en við munum ávallt svara þér með tölvupósti og símleiðis (þegar það á við) innan 15 virkra daga.
- 16.3. Ef þú ert ekki ánægð/ur með niðurstöðuna eftir að hafa fengið svar frá þjónustudeild okkar getur þú áframsent kvörtunina til kvartanadeildar TPML með því að skrifa til complaints@transactpaymentslimited.com
- 16.4. Geti kvartanadeild TPML ekki brugðist strax við kvörtun þinni færðu staðfestingu á því að kvörtunin hafi verið móttokin og að formleg skoðun fari fram. Þú færð formlegt svar um niðurstöðuna innan 35 virkra daga.

- 16.5. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að komast til botns í kvörtun þinni og munum rökstyðja niðurstöðu okkar.
- 16.6. Ef svo ólíklega vill til að okkur takist ekki að leysa málið farsælega að þínu mati átt þú rétt á að vísa kvörtun þinni til gerðadómara fyrir fjármálaþjónustu á eftirfarandi heimilisfang: Office of the Arbiter for Financial Services, 1st Floor, St Calcedonius Square, Floriana FRN 1530, Malta (símanúmer +356 21249245, vefsvæði: <https://financialarbiter.org.mt>)

17 Almenn samskipti

- 17.1. Öll samskipti frá okkur eða verkefnastjóra til þín fara fram í gegnum vefsvæðið og/eða með tilkynningu í appinu og/eða með tölvupósti eða fartæki (með nýjustu tengiliðaupplýsingum sem þú hefur gefið upp).
- 17.2. Þú getur haft samband við þjónustudeildina samkvæmt því sem fram kemur í 1. grein.

17 Persónuupplýsingar

- 18.1. TPML mun safna tilteknum upplýsingum um kaupanda og notendur kortsins til þess að geta rekið kortakerfið. Afhending þín á persónuupplýsingum og úrvinnsla okkar á þeim er nauðsynleg til að við getum staðið við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum. Í sumum tilvikum reynist úrvinnsla nauðsynleg til að grípa til tiltekinna aðgerða, að beiðni þinni, áður en gengist er undir þennan samning. Látir þú okkur ekki í té þær persónuupplýsingar sem við óskum eftir grípum við til ráðstafana til að rifta þessum samningi í samræmi við grein 11.1 (iii) hér að framan.
- 18.2. Við munum meðhöndla og vernda persónuupplýsingar þínar í samræmi við öll viðeigandi gagnaverndarlög. Fullkomnar og ítarlegar upplýsingar um hvenær og hvers vegna við söfnum persónuupplýsingum þínum, hvernig við notum þær og undir hvaða kringumstæðum við kunnum að birta öðrum þær er að finna í [persónuverndarstefnu](#) okkar sem er afhent þér þegar við öflum persónuupplýsinga þinna.

19 Breytingar á þessum ákvæðum og skilmálum

- 19.1. Við getum uppfært eða breytt þessum samningi hvenær sem er með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara sem við munum gefa verkefnastjóra fyrirmæli um að upplýsa þig um í gegnum appið, vefsvæðið eða með tölvupósti (með nýjustu tengiliðaupplýsingum sem þú hefur gefið upp).
- 19.2. Samþykkir þú ekki breytingarnar á samningnum getur þú hvenær sem er á þessu tveggja mánaða tímabili rift samningnum í samræmi við 10 grein og innleyst ónotaða innstæðu á þeim tíma endurgjaldslaust. Litið verður svo á að þú samþykkir breytingar á samningnum nema þú tilkynnir okkur um annað fyrir fyrirhugaðan dag sem breytingarnar taka gildi.
- 19.3. Brjóti einhver hluti þessa samnings í bága við einhverjar kröfur samkvæmt reglum munum við ekki styðjast við þann hluta heldur meðhöndla hann eins og hann endurspeglar í raun viðkomandi kröfur. Ef við þurfum að gera breytingar á rekstri til þess að geta að fullu uppfyllt þessar nýju kröfur gerum við slíkar breytingar eins fljótt og hægt er innan skynsamlegra marka.

20 Tungumál

20.1. Ensk útgáfa þessa samnings og allra samskipta og efnis af vefsvæði skal gilda framfar öllum útgáfum á öðrum tungumálum sem við kunnum að gefa út.

21 Gildandi lög

21.1. Um samning þennan gilda maltnesk lög.

22 Lögsaga

22.1. Þú samþykkir að dómstólar á Möltu fari einir með lögsögu.

23 Ýmislegt

23.1. Ef töf eða misbrestur verður á því að nýta rétt eða úrræði samkvæmt þessum samningi skal ekki líta svo á að þeim rétti eða því úrræði hafi verið afsalað eða að það hindri nýtingu slíks réttar hvenær sem er eftir það.

23.2. Kortið er greiðsluþjónusta en ekki innstæðu-, kredit- eða bankaafurð og fellur sem slík ekki undir maltneska innstæðutryggingu. Hins vegar munum við gæta fjár þíns svo það njóti verndar í samræmi við gildandi lög ef við verðum gjaldþrota.

23.3. Teljist eitthvert ákvæði þessa samnings óframfylgjanlegt eða ólöglegt halda önnur ákvæði gildi sínu að fullu.

23.4. Þér er ekki heimilt að framselja eða flytja nokkur réttindi þín og/eða fríðindi samkvæmt þessum samningi og þú skalt vera eini samningsaðilinn. Þú berð ábyrgð uns öllum kortum sem gefin hafa verið út til þín hefur verið lokað eða þau hafa fallið úr gildi og þú hefur greitt til fulls allar fjárhæðir sem falla undir þennan samning. Okkur er heimilt að framselja réttindi okkar og fríðindi samkvæmt þessum samningi til þriðja aðila og við getum útvistað öllum skyldum okkar samkvæmt þessum samningi.

Gjaldskrá og hámark

Gjald	ISK	CZK	DKK
Innlendar hraðbankaúttektir	180	Ókeypis	Ókeypis
Erlendar hraðbankaúttektir	350	60	60
Áfylling á innstæðu	120	20	6
Nýtt kort ef kort tynist	1700	300	90
Álag á færslur í erlendum gjaldmiðli	3%	0,5%	0,5%

Hámark	Tíðni	EUR
Heildarinnstæða	hvert kort	15.000
Fjöldi POS-færslna (#)	1 dagur	20
Upphæð POS-færslna (€)	1 dagur	5.000
Fjöldi hraðbankaúttekta (#)	1 dagur	5
Upphæð hraðbankaúttekta (€)	1 dagur	350